

139. löggjafarþing 2010-2011.

Þskj. 25 – 25. mál

4. nóvember 2010.

Umsögn Eftirlitsnefndar skv. l. 107/2009, um

### Tillögu til þingsályktunar

um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Eftirlitsnefnd, sem starfar samkvæmt l. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

Nefndin telur að ráðgjafarstofa fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum, með það hlutverk sem lýst er í tillögunni, geti verið afar mikilvæg í því erfiða ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu. Nefndin getur tekið undir það sem Bygðastofnun, ríkisskattstjóri og Creditinfo segja í umsögnum sínum um tillöguna. Í tillögunni er ekki vikið að fjármögnun slíkrar ráðgjafarstofu, hvorki hvernig henni skuli háttað héraðs né hvernig fjármögnun er á tilgreindum hjálparsímum og vefsíðum í Þýskalandi, Frakklandi og Danmörku.


Í skýrslu Eftirlitsnefndarinnar til efnahags- og viðskiptaráðherra frá 30.09.2010, er lagt til að stjórnvöld, samtök fjármálafyrirtækja, samtök atvinnulífsins og önnur atvinnuvegasamtök, búi til farveg sem tryggi aðkomu óháðs aðila að verðmati fyrirtækja sem eru í fjárhagslegri endurskipulagningu. Er þessi tillaga sett fram þar sem virðismat fyrirtækja er áhrifamesti þátturinn þegar horft er til framtíðarskuldsetningar fyrirtækja. Af þeim sökum telur Eftirlitsnefndin mikilvægt að fyrirtæki eigi aðgengi að óháðum aðila sem leggi mat á áætlanir sem fjármálafyrirtæki vilja leggja til grundvallar við fjárhagslega endurskipulagningu. Til að tryggja hlutleysi slíks aðila telur Eftirlitsnefndin að hið opinbera og ýmis atvinnuvegasamtök verði að koma að slíku mati.

Brýnt er að fjárhagslegri endurskipulagningu íslenskra fyrirtækja ljúki sem fyrst til að koma efnahagslífi landsins á rétta kjöl. Samkvæmt lögum nr. 107/2009 á slíkri

endurskipulagningu að vera lokið í árslok 2011. Tveir mánuðir eru til ársloka 2010 og því ljóst að tímaramminn er orðinn afar kanppur.

Í ljósi ofangreinds er það mat Eftirlitsnefndar að mikilvægast sé, eins og málum er háttað hérlandis, að komið verði á hlutlausri ráðgjöf varðandi virðismat og áætlanir fyrirtækja í fjárhagslegri endurskipulagningu. Slík ráðgjöf verði kostuð af stjórnvöldum og atvinnuvegasamtökum. Með því móti verði starfsemin skýrt afmörkuð og þannig reynt að koma í veg fyrir að mál einstakra fyrirtækja taki lengri tíma en nú er. Sú starfsemi sem þarna yrði komið á fót gæti síðan vaxið og þróast í framhaldinu á þann veg sem lýst er í tillögunni. Eftirlitsnefndin óttast að með því að setja á fót ráðgjafarstofu með svo víðtækt verksvið sem lýst er í tillögunni, verði undirbúningstími og stofnsetning of tímafrek til að þjóna markmiði sínu. Engu að síður tekur Eftirlitsnefndin heils hugar undir sjónarmið varðandi nauðsyn þess að starfrækja slíka ráðgjafarstofu og væri tilkoma slíkrar mjög af hinu góða, sérstaklega í framhaldi af því að fjárhagsleg endurskipulagning hefur farið fram.

F.h. Eftirlitsnefndar



María Thejll, formaður